

anir hennar, reikningar sjóðsins, og nöfn, heimili og aldur þeirra, er styrk hafa hlotið. Ennfremur upphæðir hins veitta styrks. Útdráttur úr gerðabókinni skal birtur á almennum sveitarfundi ár hvert.

Stjórnin vinnur störf sín endurgjaldslaust.

8. gr.

Styrkhæfur er hver sá, sem náð hefir 70 ára aldri, er eignalaus og á enga efnaða framfærendur, án tillits til þess, hvort hann nýtur sveitarstyrks eða ekki. Þó skal að jafnaði — ef um marga er að ræða — þeir sitja fyrir um styrk, sem eru munaðarlausir, en bjargast áfram af eigin rammleik.

Heimilt er og stjórninni, að veita mönnum styrk þó yngri séu en 70 ára, ef um veruleg bágindi er að ræða, svo og, ef styrkveiting til manna yfir sjötugt er ekki álitin nauðsynleg.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skal reikningurinn endurskoðaður af sömu mönnum og reikningur sveitarsjóðsins, og úrskurðast af sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu.

10. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari.

Hlöðum, 2. apríl 1932.

Stefán Stefánsson.

REGLUGERÐ

um

nautgriparékt.

1. gr.

Bannað er að láta naut eldri en átta mánaða ganga laus í afréttum eða heimahögum nema heimild til þess felist í reglugerð þessari.

2. gr.

Í hverjum hreppi eða bæjarfélagi þar sem ekki er nautgriparéktarfélag, sem hefir fengið lög sín staðfest af Búnaðarfélagi Íslands, skal vera nautgripakynbótanefnd skipuð þrem mönnum. Um kosning í nefndina til sveita fer eftir sömu reglum og gilda um kosningu til hreppsnefnd, en í bæjum skal nefndin kosin af bæjarstjórn. Þar sem er starfandi nautgriparéktarfélag sem í er meiri hluti kýreiganda, er stjórn þess sjálfkjörin nautgripakynbótanefnd.

3. gr.

Kynbótanefnd skal sjá um að til séu innan hrepps eða utan, hæfilega mörg naut, kyngóð og efnilega, til afnota fyrir hreppsbúa. Naut þau sem kynbótanefnd velur skal hún, ef unnt er, velja að vorinu, og tilkynna á vorhreppaskilabingi hver þau eru, en farist það fyrir, skal það gert að hausthreppaskilum eða auglýst á annan fullnægjandi hátt. Kynbótanefnd skal ef unnt er, láta þau naut, er hlotið hafa verðlaun á sýningu, er styrks hefir notið af rikissjóði, sitja fyrir vali til notkunar í hreppnum. Heimilt er kynbótanefnd að kaupa naut eða taka á leigu, eða semja um það á annan hátt, eftir því sem henni þykir best henta. Kynbótanefnd skal sjá um fóðrun og hirðing nautanna, og geymslu þeirra. Heimilt er kynbótanefndum tveggja eða fleiri hreppa að vinna saman að kynbótastarfinu með því að nota sömu girðingu, hafa sama naut o. s. frv.

4. gr.

Heimilt er kynbótanefnd að veita einstökum hreppsbúum, sem vegna afstöðu sinnar eiga óhægt að nota kynbótanautin, undanþágu frá því, en öllum sem ekki fá slíka undanþágu, er skylt að taka sameiginlegan þátt í öllum kostnaði við nautahaldið, að réttri tiltölu við tölu kúa með kálfi, eða kálf hafa fengið á árinu. Atvinnumálaráðuneytið getur veitt einstökum sveitar- eða bæjarfélögum samskonar undanþágu fyrir alla sveitina eða kaupstaðinn, og kynbótanefndirnar veita einstökum mönnum, ef meiri hluti bænda óskar þess og ráðunautur Búnaðarfélags Íslands í nautgriparækt mælir með því.

Kynbótanefnd getur sett það skilyrði, að kúamargir bændur og aðrir, sem fá leyfi til að nota sín eigin naut, og þurfa því ekki að taka þátt í kynbótakostnaði heildarinnar, séu skyldir til að lána naut sín öðrum, er kynbótanefnd ákveður, fyrir sama gjald og nautstollar verða hjá nefndinni það ár, sem um er að ræða.

5. gr.

Kynbótanefnd getur leyft að kynbótanaut gangi laus, ef telja má fullvíst að þau geri engan skaða. Ef leigunaut er að ræða, sem er í vörzlu eiganda, ber hann ábyrgð á ef skaði hlýtt af, en sé um félagsnaut að ræða, sem kynbótanefnd sér um haga fyrir, ber hún ábyrgðina.

6. gr.

Öll naut, sem eru 8 mánaða eða eldri, og ekki eru valin af kynbótanefnd, til undaneldis í hreppnum, skal gelda, gefa inni eða hafa í öruggri vörzlu beitartíma kúnna. Brot gegn þessu varða sektum. Auk þess skal nauteigandi, eða umráðamaður, bæta skaða þann, er nautið hefir gert, eftir mati tveggja dómkvaddra manna. Taka má slík naut utan heimalands eiganda ef þau eru ekki í öruggri vörzlu, og fara með sem óskilafénað, og selja án innlausnarfrests.

7. gr.

Nú hittist naut, sem kynbótanefnd hefir auglýst að nota beri í hreppnum, gæzluláust eða ekki í öruggri vörzlu, og skal þá taka það í örugga vörzlu og á hús og hey, ef þörf krefur, en gera skal kynbótanefnd tafarlaust aðvart. Kostnað þann sem leiðir af töku nautsins greiðir kynbótanefnd, en hafi nautið verið í geymslu eiganda, greiðir hann nefndinni hann aftur. Hafi kynbótanefnd ekki vitjað nautsins innan hálf mánaðar, skal sá er tók nautið í hald, afhenda það hreppstjóra, er þá selur nautið með mánaðar innlausnarfresti.

80
15. ágúst

8. gr.

Öllum árlegum kostnaði við nautahaldið, svo sem landleigu fyrir sumarhaga, vetrarfóður, kostnað af nautagirðingu, vöxtum og afborgunum af lánnum til nautakaupa eða nautgirðinga o. s. frv., jafnar kynbótanefnd niður á allar kýr, sem haldið hefir verið í hreppnum á því ári, og sem ekki eru undir höndum eða eign þeirra manna, sem fengið hafa undanþágu frá því að þurfa að taka þátt í sameiginlegum kostnaði nautahaldsins, sbr. 4. gr. Sanni kýreigandi að kýrin hafi ekki fest fang, þó haldið hafi verið, bera honum ekki að greiða nema hálfan nautstoll. Séu meiri hluti kúaeiganda því meðmæltur, að borga í heyi, eða fódra nautin upp í nautstollana að einhverju eða öllu leyti, sér kynbótanefnd um að það sé framkvæmt, enda gangi það hlutfallslega jafnt yfir alla kýreigendur, nema þeir óski annars, og því verði viðkomið.

Sé að ræða um þóknun til kynbótanefndar, skal hún ákveðin af hrepps-fundi, og telst þá með kostnaði við nautahaldið.

Verði einhver afgangur af fé því, sem ætlað er til greiðslu kostnaðar við nautahaldið, leggur kynbótanefnd það í sjóð er varið skal til kaupa úrvalsnaut, er ráðunautur Búnaðarfélags Íslands mælir sérstaklega með til undaneldis, þegar nægilegt fé verður fyrir hendi til þess.

9. gr.

Kynbótanefnd skal sjá um að kynbótastarfið sé árlega rætt á hrepps-fundi. Þar skal leggja fram reikning yfir nautahaldið, endurskoðaðan af endurskoðendum hreppsreikninga, ræða um nautahaldið og taka ákvarðanir er að því lúta, eftir því sem við á og með þarf.

10. gr.

Þar sem 10 bændur í hreppi, eða meiri hluti bænda þar, ef færri eru í hreppnum en 10, hefir komið sér saman um að stofna með sér nautgriparæktarfélag, kosið sér stjórn og samþykkt reglur fyrir félagið, og fengið þar samþykktar af Búnaðarfélagi Íslands, getur félagið fengið styrk eftir því sem fyrir er mælt í reglugerð þessari.

11. gr.

Þar sem meiri hluti bænda eru í nautgriparæktarfélagi, tekur stjórn félagsins að sér alla umsjón með nautahaldinu og annast allt er að því lýtur.

- 80** Hefir hún þá öll réttindi og skyldur nautgripakynbótanefnda. Hún leggur reikning um nautahaldið, endurskoðaðan af endurskoðendum félagsins, fyrir félagsfund, og lætur þar ræða um nautahaldið og önnur mál, er félagið varðar.

15. ágúst

12. gr.

Tilgangur nautgriparæktarféлага, skal vera sá, að bæta kúakynið. Samþykktir hvers félags skal sniða eftir fyrirmynd er Búnaðarfélag Íslands semur, og fær ekki félagið rétt til styrks fyr en það hefir fengið reglur sínar samþykktar af Búnaðarfélagi Íslands. Hver félagi nautgriparæktarfélags skal sjá um að haldnar séu glöggar mjólkurskýrslur og fódurskýrslur um kúr hans, eftir fyrirmynd er Búnaðarfélag Íslands setur eða samþykkir. Skal árlega senda Búnaðarfélagi Íslands útdrætti úr skýrslum þessum á þar til gerðum eyðublöðum.

13. gr.

Hvert félag, sem fullnægir ákvæðum 11. og 12. greinar, skal árlega fá styrk til starfrækslunnar, og skal hann vera kr. 150 á hverja reiknaða árskú félagsmanna ef aðeins hafa verið gerðar vikulegar fódurmælingar og mjólkurmælingar, en hafi auk þess að minnsta kosti þrisvar á ári verið gerð fitumæling á mjólkinni, nemur styrkurinn 2 krónum fyrir hverja reiknaða árskú.

Fyrir lok nóvembermánaðar skal Búnaðarfélag Íslands hafa sent til félagsins eyðublöð, er gera skal á útdrátt úr skýrslum félagsins fyrir yfirstandandi ár. Eftir áramótin lætur stjórn félagsins færa skýrslur þessar eftir því sem Búnaðarfélag Íslands krefur. Þegar það hefir sent skýrslurnar til Búnaðarf. Ísl. fær það senda styrk þann, er að ofan getur.

14. gr.

Noti félagið naut, sem er tveggja ára eða eldra, og sem hefir hlotið 1. eða 2. verðlaun á sýningu, sem styrkt hefir verið af ríkinu, eða verið viðurkennt þess verðugt af ráðunaut Búnaðarfél. Ísl. í nautgriparækt, getur það fengið fódurstyrk til að halda nautið, og skal hann vera 75 kr. fyrir naut, sem hlotið hefir önnur verðlaun, en 150 kr. fyrir naut, sem hlotið hefir fyrstu verðlaun. Styrkur þessi kallast nautafóðurstyrkur og greiðist með árlegastyrknum, eftir að félögin hafa sent skýrslur um starf sitt til Búnaðarfélags Íslands, svo sem það áskilur.

15. gr.

Nú hefir nautgriparæktarfélag tryggt sér, a. m. k. til næstu 20 ára, hæfilegt land til sumarbeitar handa nautum félagsins, og komið þar upp öruggari nautagirðingu, og má þá veita félaginu styrk til girðingarinnar allt að $\frac{1}{3}$ girðingarkostnaðar, þó ekki yfir 400 kr. til hvers félags.

Umsókn um girðingarstyrkinn skal senda Búnaðarfélagi Íslands ásamt reikningi yfir girðingarkostnaðinn og lýsingu trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands á girðingu og nautahaga.

16. gr.

80

Þar sem nautgriparæktarfélög eru, skal halda sýningar á nautgripum fimmta hvert ár. Skal þá skipta landinu í 5 sýningarumdæmi, sem hér segir:

1. Frá Hrútafjarðará að Reykjaheiði.
2. Frá Reykjaheiði að Skeiðará.
3. Frá Skeiðará að Hvalfjarðarbotni.
4. Frá Hvalfjarðarbotni að Gilsfjarðarbotni.
5. Frá Gilsfjarðarbotni að Hrútafjarðará.

Sýningar skulu haldnar í þessum umdæmum til skiptis eftir því sem Búnaðarfélag Íslands ákveður.

17. gr.

Í hverju félagi sem óskar sýningar, skal sýning fara fram á einum eða tveim stöðum á félagssvæðinu, eftir því sem Búnaðarfélagi Íslands og stjórn hlutaðeigandi félags kemur saman um. Til verðlauna á sýningunum veitist styrkur úr ríkissjóði, og skal hann vera 50 aurar fyrir hvern framtalinn nautgrip, gegn jöfnu framlagi annarsstaðar að.

18. gr.

Á hverri sýningu má sýna kýr, sem búnar eru að eiga einn kálf að fleiri, og naut, sem eru árgömul eða eldri. Fyrir yngri gripi sem sýndir kunna að verða eru ekki greidd verðlaun, en sýna má þá til að upplýsa arfgengi eldri gripa.

19. gr.

Fyrir kýr og naut má veita 1., 2. og 3. verðlaun. 1. og 2. verðlaun fyrir naut greiðast eingöngu úr ríkissjóði, og teljast ekki með þeim styrk til sýningarinnar, sem veittur er gegn jöfnu framlagi annarsstaðar að.

20. gr.

Stjórn nautgriparæktarfélags, þar sem sýningu á að halda, annast útbúning sýningarstaðar og allan undirbúning sýningarinnar, og greiðir kostnað við hana af sjóði félagsins.

21. gr.

Búnaðarfélag Íslands sendir ráðunaut sinn eða annan hæfan mann á sýningarnar og skal hann þar gefa mönnum leiðbeiningar um vaxtareinkenni úrvals nautgripa og mjólkureinkenni, svo og um val kynbótagripa og annað hið helzta er að nautgriparækt lýtur. Stjórn hlutaðeigandi nautgriparæktarfélags velur tvo menn í dómnefnd til þess að úthluta verðlaunum, en ráðunauturinn er sjálfkjörinn oddviti dómnefndar og hefir hann neitunarvald í nefndinni.

Verðlaun skal miða við arðsemi gripa og erfðakosti, ef kunnir eru, svo og vaxtarlag og hraustleik. Ekki má veita 1. verðlaun fyrir grip, nema honum fylgi ættaskrá og full reynsla sé fengin um kynfestu hans að dómi oddvita dóm-

80 nefndar. Þegar dómnefnd hefir lokið störfum sínum, skal hún skýra frá úrslitum og gerir þá ráðunautur Búnaðarfél. Íslands grein fyrir þeim.
15. ágúst

22. gr.

Allir gripir, sem á að sýna, skulu komnir á sýningarstað þá er sýning byrjar, og skulu þeir vera mýldir svo þá megi skoða og færa til eftir vild. Enginn má fara með grip af sýningu fyr en henni er lokið nema dómnefndarmenn gefi samþykki sitt til.

23. gr.

Dyki Búnaðarfélagi Íslands ástæða til að setja nánari reglur um sýningararnar, til dæmis um dómstiga, verðlaunahæð eða annað, er því það heimilt, komi það ekki í bága við lög um þetta efni eða reglugerð þessa.

24. gr.

Verði ágreiningur um skilning á einhverju í reglugerð þessari eða um kostnað við kynbótastarfið, sker atvinnuáráðherra úr og er það fullnaðarúrskurður.

25. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 10—500 krónum, og renna þær í sjóð nautgriparræktarfélags þar sem brotið er framið, en ella í sjóð nautahaldsins, sbr. 8. gr.

26. gr.

Með mál út af brotum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi er hérmeð sett samkvæmt búfjarræktarlögum nr. 32, 8. september 1931, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. ágúst 1932.

Þorsteinn Briem.

Vigfús Einarsson.